

LANDPÓSTURINN

2.tbl. 7.árg. mars 1995 • Fréttabréf Félags landfræðinga
Pósthólf 5391 • 125 Reykjavík • ábm.: Kristinn Einarsson

AÐALFUNDUR 1995

Aðalfundur Félags landfræðinga árið 1995 verður haldinn miðvikudaginn 29. mars 1995 í stofu 201 í ODDA og hefst kl. 20. Venjuleg aðalfundarstörf skv. 5. grein félagslaga. Að loknum aðalfundarstörfum, sem ekki ættu að verða tímafrek, munu þær Ásdís Hlökk Theodórsdóttir og Matthildur Elmarsdóttir halda **erindi** um nám sitt í skipulagsfræðum í Bretlandi og Kanada. Til að gera aðalfundinn enn huggulegri verður boðið upp á **kaffi og kökur**.

Vetrarrabb - Vorrabb

Boðað var til vetrarrabbs landfræðinga á Kaffi Reykjavík 12. janúar sl., og mættu þar 9 félagar og ræddu ýmis málefni. Ætlunin er að halda uppteknum hætti og hittast á Vorrabbi á **Jazzbarnum** í **Lækjargötu miðvikudaginn 3. maí 1995 kl. 18:00**. Þar er ætlunin að ræða m.a. félagsstarfið næsta vetur, tímaritið Landabréfið og yfirvofandi 10 ára afmæli félagsins.

Lög Félags landfræðinga

1. grein

Félagið heitir **Félag landfræðinga**. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Markmið félagsins er:

- a. Að starfa sameiginlega að eflingu fræðigreinarinnar landafræði.
- b. Að efla samvinnu félagsmanna.
- c. Að standa vörð um hagsmunamál og réttindi landfræðinga.

3. grein

Félagi getur orðið hver sá, sem lokið hefur háskólaprófi í landafræði frá viðurkenndum háskóla, enda samþykki félagsstjórnin upptöku hans. Sé vafi um prófgráðu umsækjanda skal aðalfundur skera úr um inngöngu þeirra í félagið. Aukaáðild að félaginu geta þeir fengið sem eru í landafræðinámi á háskólastigi gegn greiðslu á hálfu árgjaldi. Aukafélagar hafa málfrelsi og tillögurétt.

4. grein

Fullgildur félagi er sá sem greitt hefur félagsgjöld sín til félagsins fyrir næstliðið ár eigi síðar en á aðalfundi félagsins. Nú stendur félagi eigi í skilum á félagsgjöldum, ber þá gjaldkera að tilkynna honum bréflaga um réttindamissi hans í félaginu, verði skuldin eigi greidd innan tveggja mánaða frá dagsetningu bréfsins. Undanþegnr félagsgjöldum eru félagar eldri en 70 ára og félagar við framhaldsám.

5. grein

Aðalfundur skal halda í mars mánuði ár hvert og skal hann boðaður bréflaga með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara. Fastir liðir á dagskrá aðalfundar skulu vera:

- a. Skýrsla formanns.
- b. Að leggja fram endurskoðaða ársreikninga félagsins.
- c. Að kjósa fimm manna stjórn. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Kjörtímabil annarra stjórnarmanna er tvö ár og ganga tveir árlega úr stjórninni. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.
- d. Að kjósa tvo endurskoðendur.
- e. Að ákveða félagsgjöld.
- f. Lagabreytingar.
- g. Önnur mál.

6. grein

Stjórnin er fulltrúi félagsins út á við, en heimilt er henni eða aðalfundi að fela öðrum að koma fram sem fulltrúi þess í sérstökum tilfellum, ef þurfa þykir. Stjórnin boðar til félagsfundar þegar henni þykir tilefni til og skylt er henni að boða til fundar þegar sjö félagsmenn eða fleiri óska þess.

7. grein

Á fundum félagsins ræður afl atkvæða úrslitum mála. Þó verður lögum þess eigi breytt nema á aðalfundi og því aðeins að 2/3 fundarmanna samþykki breytinguna. Tillögur um lagabreytingar skulu berast stjórn eigi síðar en 1. febrúar og skulu þær sendar út með aðalfundarboði.

Visthæf ferðamennska

Störf landfræðinga eru fjölbreytt og teygja sig inn á mörg svið eins og t.d. ferðamál. Síðastliðið haust var komið á fót norrænni nefnd um visthæfa ferðamennsku og eru í nefndinni fyrir Íslands hönd þær Guðrún Gísladóttir og Anna Dóra Sæþórsdóttir, sem báðar eru landfræðingar. Nefndin heyrir undir Natur- og Miljögruppen sem aftur heyrir undir Norrænu embættismannanefndina. Nefndinni er ætlað að athuga hvemig visthæfri ferðamennsku (eco-tourism) er háttað á Norðurlöndunum (Grænlandi, Íslandi, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi). Jafnframt er nefndinni ætlað að móta tillögur um æskilega þróun visthæfrar ferðamennsku sem lagðar verða fyrir Norrænu ráðherranefndina. Áætlað er að störfum nefndarinnar ljúki síðla árs 1995.

Anna Dóra Sæþórsdóttir

Landafræði í norrænum skólum

Dagana 17.-19. nóvember sl. var haldið málþing nokkurra landfræðinga og kennara á Norðurlöndum um efnið: "Geografi i Nordens folke- og grundskoler". Þingið var haldið í Gilleleje Feriecenter, nyrst á Sjálandi. Þar voru Svíinn Ingvar Andersson og Daninn Leif Tang Lassen sem áttu frumkvæði að þessu málþingi, en Norræni menningarmálasjóðurinn styrkti fyrirtækið.

Á þinginu komu saman fulltrúar allra landanna nema Færeyja, en þaðan bárust ágætir skriflegar upplýsingar. Alls komu þarna saman 13 manns sem skiptust á skoðunum og lögðu fram upplýsingar um stöðu landafræðinnar í skólakerfi hvers lands. Enn fremur voru flutt fróðleg erindi um stöðu greinarinnar í ljósi örra breytinga í Evrópu og víðar. Kynntar voru námskrár og velt upp ýmsu því sem er sameiginlegt með Norðurlöndunum og eins hvað skilur þau að.

Umræðan á málþinginu tók fljótlega að snúast um það hvort unnt væri að komasta að sameiginlegri niðurstöðu, eða gefa út

yfirlýsingu um landafræði og landafræðináám á Norðurlöndun-um. Skemmst er frá því að segja að slík niðurstaða fékkst á þinginu og fylgir þessi yfirlýsing hér með. (*Upphaflegi textinn er á dönsku, en þýðing á ábyrgð ritstjóra*). Yfirlýsingin hefur þegar verið send skólayfirvöldum, sveitarfélögum, fagfólkum, Norðurlandaráði, kennarasamtökum og fagfélögum, ásamt náms- og fagstjórum víða á Norðurlöndunum. Með endanlegri útgáfu yfirlýsingarinnar fylgdi sú fróma ósk að hún yrði þýdd og henni komið á framfæri við lykilstofnanir og einstaklinga hér á landi. Er þeirri áskorun hér með komið á framfæri.

Tryggvi Jakobsson

Yfirlýsing um landafræði í norrænum skólum

Fulltrúar fyrir landfræðifélög á Norðurlöndum, er komu saman á norrænni ráðstefnu um landafræðikennslu á Norðurlöndum í Gilleleje 17.-19. nóvember 1994, urðu sammála um þessa yfirlýsingu:

Með slaukinni alþjóðavæðingu og þungu álagi á auðlindir og umhverfi, verður það sýtt brýnna, að skólanemar tileinki sér heimsmynd, er gerir þeim fært - sem borgurum í samfélagi framtíðarinnar - að þróa með sér öruggan grundvöll til að geta séð, sannreynt, skilið og tekið afstöðu til ýmissa þeirra vandamála, sem fjallað er um í landafræði.

Þar á meðal má telja:

- Eðlisræn breytingaferli, t.d.:

- myndun landslags
- jarðfræðileg ferli
- ferli í andrúmsloftinu
- hringrás vatnsins

- **Hagræn breytingaferli, staðbundin, svæðisbundin og hnattræn, t.d.:**

- borgamyndun
- efnahagsþróun
- mannfjöldapróun
- veður- og landslagsbreytingar

- **Framleiðsla og umhverfi, t.d.:**

- framleiðsluform
- staðsetning og ending auðlinda
- umhverfisálag af völdum framleiðslu og neyslu

- **Menningarstraumar í eigin þjóðfélagi og annarra, svo sem:**

- innflytjenda- og flóttamannavandamál
- samfélög með fjölpætta menningu
- hefðir og gildi mismunandi menningarheima

Samhliða því að nemendur tileinka sér þessa landfræðilegu grundvallarþekkingu, þurfa þeir að fá góða þekkingu á örnefnum og öðlast færni í að gera sjálfstæðar athuganir á staðbundnum, svæðisbundnum og hnattrænum vandamálum; sem grundvöll fyrir því að geta skilið lífshætti og breytingar í mismunandi stórum þjóðfélögum.

Þessi færni innifelur m.a.

- gerð, notkun og túlkun korta
- notkun undirstöðuheita og -hugtaka í landafræði
- notkun landfræðilegra aðferða, heimilda og framsetningarmáta

Um leið og nemendur á skyldunámsstigi á Norðurlöndum öðlast þannig landfræðilega þekkingu og færni, þróast með þeim landfræðileg sýn er eykur þeim kjark til aðgerða, þegar taka þarf ákvarðanir í framtíðinni.

Ráðstefna og árshátíð 1995

Félagið hélt ráðstefnu um *Landfræðileg upplýsingakerfi og annar hugbúnað og áhrif þeirra á vinnubrögð landfræðinga - rannsóknarefnið í fókus* - föstudaginn 17. febrúar 1995 á Kornhlöðuloftinu, Bankastræti 2. Þetta var þriðja ráðstefna félagsins, og sú fyrsta þar sem fyrirlesarar voru allir úr röðum landfræðinga. Aðsókn var með bezta móti, 74 manns, og haldin voru 8 fróðleg erindi. Eitt erindi féll því miður niður vegna veikinda. Emil Bóasson tók saman helstu niðurstöður í ráðstefnulok. Árshátíð var síðan haldin um kvöldið, og fóru 36 félagar og makar saman í Kaffileikhúsið í Hlaðvarpanum, snæddu léttan kvöldverð og sáu *Alheimsferðir Erna* eftir Hlín Agnarsdóttur. Góður rómur var gerður að þessari nýbreytni.

Fræðslufundur Jarðfræðafélagsins

Jarðfræðafélagið boðar til fræðslufundar 15. mars nk. kl. 16:00 í stofu 101 í Lögbergi. Þar mun Skúli Víkingsson, jarðfræðingur á Orkustofnun, flytja erindi er hann nefnir *Tölvuvædd jarðfræðikortagerð*. Hér er komið inn á svið landfræðilegra upplýsingakerfa, og því ástæða til að hvetja landfræðinga til að fjölmenna á þennan fund.

Kortasýning - Kortadagar

Íslenska kortagerðarfélagið gengst fyrir kortasýningu í húsakynnum Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns (Þjóðarbókhöðu) 22.-30. apríl 1995 í tilefni af fimm ára afmæli félagsins. Ætlunin er að sýningin verði opin almenningi og aðgangur ókeypis.

Íslenska kortagerðarfélagið heldur árlega ráðstefnu um kortagerð, sem nefnd er Íslenskir kortadagar. Í ár verður ráðstefnan haldin 24. apríl í ráðstefnusal Hótel Sögu (Þingstofu A) og mun fjalla um þemakort. Á ráðstefnunni verða flutt 6-8 erindi um nokkur svið þemakortagerðar og um hagnýtt gildi slíkra korta í skólastarfi og almenningsfræðslu, við miðlun upplýsinga, vegna ýmiss konar áætlanagerðar og birtingar á niðurstöðum rannsókna.

Norræn námstefna um veðurfarsbreytingar og vatnafar

Haldin verður norræn námstefna að Borgartúni 6, Reykjavík, dagana 26.-28. apríl 1995 (frá morgni miðvikudags til hádegis á föstudegi) undir yfirskriftinni *Climate Change, Water Resources and Energy Production in the Nordic Countries*. Þar verður lýst niðurstöðum norræns samstarfsverkefnis, sem verið hefur í gangi undanfarin fjögur ár. Orkustofnun gengst fyrir námstefnunni í samvinnu við vatnafræðistofnanir og vatnafræðinefndir á Norðurlöndunum. Fjallað verður um eftirtalin efni: 1) *Climatic change scenarios for the Nordic countries*, 2) *Hydrological models suitable for climate change studies*, 3) *Global change*, 4) *Impacts on runoff, floods and dam safety*, 5) *Impacts on energy production and consumption* og 6) *Evaluation of the project and further research*. Námstefnan er öllum opin meðan húsrúm leyfir. Námstefnugjald er 7000 kr., sem innifelur kaffi og léttan hádegisverð meðan á námstefnunni stendur. Frestur til að skrá sig er til 31. mars 1995. Hafið samband við Kristin Einarsson, Orkustofnun, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík, sími 569 6000, bréfasími 568 8896, tölvupóstfang ke@os.is.

**Munið aðalfundinn
í stofu 201 í Odda,
miðvikudag 29. mars kl. 20.
Fræðsluerindi, rabb,
kaffi og kökur;
auk aðalfundarstarfa.**

Inga Ingibjörg Guðmundsdóttir
Bröttubrekku 1
200 Kópavogi



13.3.95

